



## 14. fundur stjórnar Aftureldingar 16. jan 2013

### Fundur settur kl. 18:15 að Varmá.

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðjón Helgason, Hekla Klemenzdóttir, Helga Jóhannesdóttir og Kristín Reynisdóttir. Gylfi Gíslason, Ásmundur Pálsson boðaði forföll.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn

Dagskrá:

1. Uppgjör 50+
2. Greiðandi félagsmanna
3. Kostnaður v dansleikja
4. Fundartímar stjórnar fram að aðalfundi.
5. Fyrirframgreiðsla Mosfellsbæjar til UMFA janúar 2013
6. Önnur mál

1. Uppgjör 50+. Helga kynnti uppgjör vegna 50+ mótsins. Ágóði félagsins var 2.377.000. Gengið frá skiptingu ágóðans á milli deilda sem komu að framkvæmd mótsins.
2. Greiðandi félagsmenn. Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir fyrirhugað átak til söfnunar greiðandi félagsmanna. Ákveðið að árgjaldið verði 3500 krónur. Átakinu verður ýtt úr vör á Þorablóttinu.
3. Kostnaður v. dansleikja. Bæjaryfirvöld rukka félagið vegna starfsfólks hússins sem vinnur á blóttinu. Þær deildir sem halda blóttið greiða þann kostnað.
4. Fundartímar stjórnar fram að aðalfundi. Formaður leggur til að fundað verði áfram annan hvorn miðvikudögum kl 18:15.
5. Fyrirframgreiðsla Mosfellsbæjar til UMFA janúar 2013. Samkomulag hefur verið gert við bæjaryfirvöld um fyrirframgreiðslu styrkja vegna vanskila á lífeyrissjóðsgreiðslum frá 2010 og 2011. Skuldajafnað verður til þriggja ára í sex greiðslum á ári. Uppgjör hefur farið fram vegna lífeyrissjóðsgreiðslanna og félagið er nú í skilum með allar lífeyrissjóðsgreiðslur. Aðalstjórn vill áretta að þessi fyrirframgreiðsla er nýtt til að hnýta endahnúttinn á fjárhagslegt uppgjör vegna áranna 2010 og 2011.
6. Önnur mál. Engin.

**Fundi slitið kl. 19:20. Næsti fundur verður haldinn 30. janúar.**

**Fundarritari Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar.**